

Öflun og hagnýting rekstrargagna á sauðfjárbúum

Húsavík 24. janúar 2018

Ágæti sauðfjárbóndi

Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins lagði upp með átaksverkefni í tengslum við rekstur og afkomu sauðfjárbúa í nóvember 2016 og verkefnið var unnið veturinn 2017. Verkefnið ber vinnuheitid **“Auknar afurðir sauðfjár – tækifæri til betri reksturs”**. Verkefnið var að hluta til fjármagnað með framlagi af fagfé sauðfjárræktar en einnig greiddu þátttakendur sem svaraði 2ja tíma vinnu fyrir þátttökuna. Af tæplega 400 sauðfjárbændum sem höfðu fleiri en 400 kindur í skýrsluhaldi sauðfjár, skýrsluhaldsárið 2014-2015 tóku 44 þátt í verkefninu og framleiddu þessi 44 bú ca. 5% af öllu lambakjöti í landinu.

Gögnin sem fengust í þessu verkefni voru lykilgögn þegar upplýsa þurfti stjórnvöld um stöðuna á sauðfjárbúum þegar menn stóðu frammi fyrir 35% afurðaverðslækkun síðasta sumar. Á grunni þeirra upplýsinga vann RML minnisblað fyrir LS sem sýndi framá að launagreiðslugeta sauðfjárbúa var lítil sem engin fyrir árið 2017. Þá skal jafnframt haft í huga að laun sauðfjárbænda (reiknað endurgjald) er lágt borið saman við aðra atvinnuvegi í landinu og lánmarkslaun. Þar sem minnisblaðið byggði á raunverulegum gögnum frá sauðfjárbúum er það mat verkefnisstjóra að meira mark hafi verið tekið á því en ella.

Nú bjóðum við nýjum þátttakendum að koma inn í verkefnið. Við bjóðum bændum með 300 vetrarfóðraðar kindur eða fleiri að taka þátt. Vakin er athygli á því að tekjur af sauðfjárrækt þurfa að vera amk 70% af búgreinatekjum hvers þátttökubús eða þá að bókhald sé það vel lyklað að auðvelt sé að skilja á milli búgreinatekna og -gjalda.

Markmið verkefnisins er að afla gagna um rekstur sauðfjárbúa og um leið bjóða þeim búum sem taka þátt, ráðgjöf varðandi möguleika á að bæta afkomu búanna. Hver þátttakandi fær greiningu á stöðu síns bús, bæði búrekstrarlega og fjárhagslega og samanburð við önnur sauðfjárbú. Skýrslugerð og samræður við ráðunaut um helstu sóknarfæri verða svo vegvísir að betri árangri.

Þátttakendum stendur samhliða til boða ráðgjafarpakkinn “Auknar afurðir”. Í pakkanum eru skýrsluhaldsgögn frá árinu 2008 skoðuð á ýmsan hátt með hliðsjón af möguleikum til bættrar afkomu búsins. Framlag Framleiðnisjóðs til verkefnisins miðast við að hvert bú greiði 35% af kostnaði við ráðgjöf en styrkurinn sé 65%. Vinnuþátturinn er áætlaður fimm tímar og komugjald eða kr. 44.000 án vsk. miðað við gildandi gjaldskrá RML frá 1. febrúar 2018.

Skilyrði fyrir þátttöku í verkefninu er að hvert bú skili ársreikningum eða framtalsgögnum fyrir árin 2015 og 2016 sem safnað verði í lokaðan gagnagrunn. Einnig verður í boði að fá greind rekstrargögn ársins 2014. Hver bóndi fær síðan bókhaldslegan og myndrænan samanburð við önnur bú í

Öflun og hagnýting rekstrargagna á sauðfjárbúum

verkefninu. Einnig tókum við gjarnan við gögnum fyrir árið 2017 en megin rekstrartölur þess árs ættu að vera tilbúnar í lok febrúar þegar skila þarf seinna uppgjöri virðisaukaskatts fyrir árið.

Rétt er að ítreka að bókhaldsgögn þátttakenda verða vistuð í lokuðum gagnagrunni sem verkefnisstjórar munu einir hafa aðgang að en Bændasamtök Íslands og Landssamtök sauðfjárbænda munu fá aðgang að úrvinnslu gagnanna.

Hver og einn þátttakandi getur fengið fund eða heimsókn frá starfsmanni RML þar sem farið verður yfir gögn búsins og leitað eftir þeim sóknarfærum sem eru möguleg í rekstri á hverjum stað.

Bændum stendur einnig til boða að skila rekstrargögnum sínum inní gagnagrunn án þess að í framhaldinu fylgi greining á búrekstrar- og fjárhagslegri stöðu hvers bús. Sú vinna er bændum að kostnaðarlausu en er gríðarlega mikilvæg til að meta rekstrarafkomu sauðfjárbúa og geta lagt fram raungögn þegar fjallað er um fjárhagslega afkomu sauðfjárbænda. Búin sem tóku þátt í verkefninu veturinn 2016-2017 áttu flest það sammerkt að vera nokkuð afurðasöm og því vantar í þennan grunn meira af gögnum frá afurðaminni búum til að gagnasafnið endurspegli stöðu sauðfjárræktarinnar í heild. RML sótti um styrk af fagfé sauðfjárræktarinnar til byggja ofan á þekkingu við verkefnið sem unnið var síðasta vetur og dekkar það kostnað vegna vinnu við söfnun gagna þar sem ekki fylgir greining í kjölfarið.

Þau bú sem óska eftir þátttöku í þessum verkefnum þurfa að tilkynna slíkt til verkefnisstjóra fyrir 10. febrúar 2018. Verkefnisstjórar eru Eyjólfur Ingvi Bjarnason (eyjolfur@rml.is) og María Svanprúður Jónsdóttir (msj@rml.is). Nánari upplýsingar veita verkefnisstjórar.


Með kveðju,

Eyjólfur Ingvi Bjarnason


María Svanprúður Jónsdóttir

Öflun og hagnýting rekstrargagna á sauðfjárbum

Meðfylgjandi eru myndir úr ráðgjafarpakkanum „Auknar afurðir“ og mynd sem útskýra hvernig vinna eigi með bókhaldsgögn.




Myndin sýnir fædd lömb fullorðinna áa búans (blá lína) og lömb til nytja eftir sama hóp (rauð lína). Punktalínur í sömu litum eru meðaltöl sýslunnar.




Samanburður á mínu búi við þau bú sem besta niðurstöðu sýna í skýrsluhaldinu. Græn súla, meðalafurðir í krónum eftir vetrarfóðraða kind. Rauð súla % fleirlembdar ær, blá súla % geldar ær, appelsínugul súla % geldir gemlingar sem var haldið, grá súla % gemlingar sem ekki var haldið.

Öflun og hagnýting rekstrargagna á sauðfjárþúum



Hér hafa verið sett markmið um að bæta árangur, auka frjósemi og fleiri þætti. Á myndinni eru öll skýrslufærð bú með 50 skýrslufærðar ær eða fleiri táknuð sem bláir punktar. Rauði punkturinn sýnir hvar búið stendur við önnur bú árið 2015 í afurðum eftir vetrarfóðraða kind og krónum eftir kind. Appelsínuguli punkturinn sýnir hvert markmiðin myndu flytja búið borið saman við búin í skýrsluhaldi árið 2015.

Öflun og hagnýting rekstrargagna á sauðfjárbúum



Myndin hér á undan sýnir úttekt á bókhaldsgögnum sauðfjárbús frá árinu 2015. Þarna eru bókhalds- og skýrsluhaldsgögn þeirra búa sem upplýsingar liggja fyrir um borin saman og viðkomandi bóndi getur áttað sig á hvernig hans bú stendur í samanburði við önnur bú.

Með því að safna bókhaldsgögnum frá sauðfjárbúum er markmiðið að útbúa mynd sambærilega þessari fyrir þau sauðfjárbú sem skila inn gögnum, svo hvert bú geti séð hvernig það stendur í samanburði við önnur sauðfjárbú.